

Minnisblað um nýjan samstarfssamning við Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

Helstu breytingar frá eldri samstarfssamningi frá 2008

Óháð fagráð. Nýtt samstarfsverkefni Hafnarfjarðar og Íþróttabandalagsins þar sem Heilsugæslan í Hafnarfirði leggur verkefninu lið. Um er að ræða þriggja sérfræðinga ráð ásamt starfsmanni þar sem fjallað er um álitamál og ofbeldismál sem tengjast börnum á einhver hátt og íþróttahreyfingin hefur ekki leyst sjálf. Til eru verklagsreglur og leiðir fyrir íþróttafélög að vísa málum í fagráðið.

Afreksskóli. Nemendur í unglingadeildum taka þátt í afreksskóla íþróttafélaganna sem Hafnarfjarðarbær kostar. Um er að ræða val nemenda. Ekki hefur verið til samningur um hann og ekki hafa öll íþróttafélög vitað um þennan möguleika. Verkefnið var vistað á fræðsluviði en færast með samningnum yfir á íþróttahlutann og verður því þetta framlag sveitarfélagsins bókað sem íþróttaverkefni en ekki fræðsluverkefni.

Eftirlitsnefnd um fjármál íþrótt- og æskulýðsfélaga. Fest er í sessi með þessum samningi vettvangur nefndar endurskoðenda sem yfirfara rekstraráætlanir, ársreikninga og málefni sem tengjast fjármálum íþróttafélaga.

Bygging íþróttamannvirkja. Í eldri samningi frá 2008 var unnið eftir því að ein regla væri í gildi þ.e.

Miða skal við að fjármögnun verði að jafnaði þannig að hlutur bæjarins verði 90% og hlutur íþróttafélags 10%. Heimilt verður þó að breyta þessari skiptingu með tilliti til hvers konar íþróttamannvirki samið er um byggingu á, t.d. ef megin afnotin verður fyrir skóla, almenning, eða annað sem talið er réttlæta aðra skiptingu fjármögnunar.

Í þessum nýja samningi eru ÍTH og ÍBH að útfæra samþykkt bæjarstjórnar frá 10.05.2017:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggur til að gengið verði út frá 100% eignarhlut bæjarins í íþróttamannvirkjum sem byggð verða með þátttöku sveitarfélagsins í framtíðinni. Tillögunni er vísað til útfærslu til íþrótt- og tómsfundafulltrúa og ÍTH og undirbúinn nýr samstarfssamningur Hafnarfjarðarbæjar við ÍBH, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar þar sem kveðið verður á um þessa breyttu stefnu bæjarins.

Greinargerð:

Markmið tillögunnar er að gera eignarhald íþróttamannvirkja sem byggð verða í Hafnarfirði í framtíðinni skýrara og gegnsærra. Nú þegar hafa einstök íþróttamannvirki verið byggð að fullu leyti af hálfu bæjarins en önnur samkvæmt 80-20 eða 90-10 reglunum. Það hefur skapað ójafnræði milli félaga og/eða deilda innan íþróttahreyfingarinnar og að oft og tíðum er eignarhaldið óskýrt. Tillagan snýr einungis að framtíðaruppbyggingu þar sem bærinn kemur að málum en brýnt er að viðræður við íþróttafélögin, og vinna við eignaskiptasamninga er lúta að eldri mannvirkjum, haldi áfram

Íþrótt- og tómsfundanefnd og stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar hafa unnið að útfærslu sem aðilar eru sammála um og er meginsteff hennar þetta:

Hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar við nýbyggingu íþróttamannvirkis getur orðið allt að 100%, lægri hlutdeild er heimil og skulu aðilar semja um ákveðna hlutdeild áður en bygging íþróttamannvirkis hefst.

100% hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar á aðallega við þegar íþróttamannvirki er að mestu ætlað til notkunar við íþróttakennslu og til æfinga barna og unglinga.

Lægri hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar á sérstaklega við varðandi íþróttamannvirki sem sannarlega gefa tekjur á almennum markaði, þegar mannvirkið nýtist lítið til almennrar heilsueflingar, nýtist takmörkuðum hópi auk þess að nýtast börnum og unglingum að takmörkuðu leiti.

Því má ætla að íþróttamannvirki sem notað er í grunnskólakennslu verði byggt að fullu af hendi Hafnarfjarðarbæjar. Íþróttamannvirki sem er í að hluta í útleigu og aðallega ætlað fullorðnum verði fjármagnað að hluta til (80-90%) af hendi Hafnarfjarðarbæjar. Samstarf Hafnarfjarðarbæjar og íþróttahreyfingarinnar er stöðugt í þróun og tekst aðilum iðulega að finna ásættanlegar lausnir varðandi útfærslur og hér er því mælt með að samningsleiðin verði farin hverju sinni þegar ákveðið er að byggja varðandi hlutdeild hvors aðila í stað þess að hafa forskráð líkan eða viðmið um hlutdeild hvors aðila.

Geir Bjarnason, 2. nóvember 2018

7. gr. Íþróttalaga frá 1998

Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags